

Fréttatilkynning frá Icelandic Food Company

Reykjavík, 18. ágúst 2025

Efni: Innköllun á Krónu mexíkóskri kjúklingasúpu

Icelandic Food Company, í samráði við Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur, hefur innkallað Krónu mexíkóska kjúklingasúpu. Innköllun er gerð vegna aðskotahlutar sem fannst í súpu.

Eftirfarandi upplýsingar auðkenna vöruna sem innköllunin einskorðast við:

Vöruheiti: Mexíkósk kjúklingasúpa

Vörumerki: Krónan

Nettómagn: 1 lítri

Framleiðandi: Icelandic Food Company

Framleiðsluland: Ísland

Lotunúmer/best fyrir dagsetningar: 17.09.2025

Geymsluskilyrði: Kælivara

Dreifing: Allar verslanir Krónunnar

Viðskiptavinum sem keypt hafa vöruna í verslunum Krónunnar er bent á að hægt er að skila vörunni í verslanir Krónunnar gegn fullri endurgreiðslu. Krónan biður viðskiptavini sína afsökunar á þeim óþægindum sem þetta kann að valda.

Fyrir nánari upplýsingar um innköllun vörunnar er hægt að senda tölvupóst á netfangið icelandfood@icelandfood.is.

